



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

115. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í bóknámshúsi F.S. þann 24. nóv. 1986.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson: formaður, Hjálmar Árnason: skólameistari, Ingólfur Halldórsson: aðstoðarskólameistari, Jón Gunnarsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Sigurbjörnsson, Valtýr Guðjónsson: bókhaldari F.S., Kristinn Kristjánsson: fulltrúi kennara og Helga Loftsdóttir, ritari.

Formaður bauð menn velkomna og setti fund kl. 17:15.

1. Akstur nemenda í Keflavík.

Aðstoðarskólameistari greindi frá því að hann hefði haft samband við S.B.K. og Steindór Sigurðsson varðandi akstur nemenda í Keflavík.

Fram kom að morgunferð hjá S.B.K. kostar kr. 900,- ef sameinað er öðrum ferðum, en ef um sérstakt útkall er að ræða þá kostar ferðin kr. 2000,-. Hjá Steindóri kostar morgunferðin kr. 800,-.

Skólanefnd samþykkti að semja við Steindór um akstur með nemendum í Keflavík frá áramótum í tilraunaskyni og fyrsti mánuðurinn yrði reynslutími.

Eftir afgreiðslu fyrsta dagskrárliðar vék Ingólfur Halldórsson, aðstoðarmeistari af fundi.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 1987.

Skólameistari sagði fjárhagsáætlunina gerða með svipuðum hætti og undanfarin ár af stjórn skólanefndar, fjármálafulltrúa skólans og skólameistara.

Formaður greindi frá því að nú yrði fjárhagsáætlunin send til fjárhagsnefndar SSS í stað þess að senda hana til sveitarfélaganna eins og undanfarin ár. Gerði hann síðan grein fyrir einstökum liðum áætlunarinnar. Tölverðar umræður urðu um áætlunina sem síðan var samþykkt með einni breytingu.

Heildarniðurstaða áætlunarinnar er kr. 26.110.000,- og þar af er áætlaður kr. 2.000.000,- til stofnbúnaðar. Hlutur sveitarfélaganna er kr. 15.270.000,-. Þá er hlutur sveitarfélaganna vegna væntanlegrar nýbyggingar á árinu 1987 kr. 5.500.000,-.

Skólameistari óskaði eftir því að fram kæmi, að við athugun á fjárlagafrumvarpi kæmi í ljós, að hlutdeild ríkisins í rekstri væri vanáætluð um tæpar tvær milljónir króna miðað við fjárhagsáætlun þessa. Skólameistara og formanni var falið að óska eftir leiðréttingu.

Þá vakti skólameistari athygli á því að í fjárlagafrumvarpinu væri aðeins gert ráð fyrir 330.000,- kr. til tækjakaupa. Sagði skólameistari að fjársveldi til tækjakaupa væri þegar farið að bitna á starfi skólans, ekki síst iðnfræðslu.

Valtýr Guðjónsson, bókhaldari skólans vildi láta koma fram að skólinn standi í mikilli þakkarskuld við sveitarfélögin. Frá þeim hafi ávallt verið um skilvíslegar greiðslur að ræða.

3. Húsnæðismál.

a) Formaður upplýsti að stjórn skólanefndar hefði setið fund fjárveitinganefndar ríkisins þann 12. nóvember 1986 og í framhaldi af því setið fund með utanríkisráðherra, en hann er fyrsti þingmaður Reykjaneskjördæmis.

Sagði hann þeim hafa verið vel tekið, en engin ákveðin svör fengist. Þá sagði hann þingmenn Reykjaneskjördæmis vera að vinna að því að fá viðbyggingarsamning undirritaðan af fjármálaráðherra.

Margt bendi til þess að viðbyggingin komist á fjárlög. Þá sagði formaður að tilboði verktakans hafi verið hafnað og nú bæri að nota tímann vel, bjóða verkið aftur út snemma í vor og stefna að því að viðbyggingin yrði tilbúin til notkunar haustið 1987.

Skólameistari óskaði eftir heimild til að taka lán fyrir húsbýggingasjóð til að greiða hönnun skólans. Samþykkt.

b) Nokkrar umræður urðu um skýrslu skólameistara "Spá um húsrýmisþörf Fjölbrautaskóla Suðurnesja". Skólanefnd var sammála um að skýrslan væri gott og nauðsynlegt

frumgagn til nánari umfjöllunar um húsnæðisþörf skólans.

Samþykkti skólanefndin að leggja þessa skýrslu fyrir húsnæðisnefnd skólans, sem taka þarf til starfa hið fyrsta.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari vakti athygli á samþykkt S.S.S. um að F.S. annaðist greiðslu fyrir námsvistargjöld frá Reykjavíkurborg. Áætla þyrfti fé fyrir þeim útlátum án þess að því yrði blandað saman við rekstur skólans. Bókhaldara F.S. og skólameistara falið að senda fjárhagstillögur til framkvæmdastjóra S.S. S.

Aður en fundi var slitið lagði formaður til að skólanefnd tæki sér ferð á hendur til Selfoss til að skoða nýbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurlands. Var mjög vel tekið í þetta og ákveðið var að stefna bæri að þessari ferð sem fyrst.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:15.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar F.S.



Helga Loftsdóttir,
ritari.